

Samkvæmt sakavottorði kærðu, dags. 12. febrúar 1985, hefur hún hlotið skilorðsbundinn dóm á árinu 1980 vegna brots gegn 155. gr. laga nr. 19, 1940. Auk þess hefur hún gengist undir sátt vegna áfengislagabrots og vegna ávana- og fíkniefnabrots.

Brot þau, er kærða er grunuð um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með því, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja, að kærða sé síbrotamaður, sem aflar sér fjár til ávana- og fíkniefnakaupa með afbrotum. Kærða hefur engan dvalarstað og hefur enga atvinnu stundað um langan tíma.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin, en þó eigi lokið. Veruleg hætta er á að kærða haldi áfram afbrotum, meðan málum hennar er enn ólokið. Þykir því rétt með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1985.

Nr. 23/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Adolf Garðari Guðmundssyni

(Árni Guðjónsson hrl.)

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar „til ákvörðunar refsingar“ með stefnu 13. janúar 1984. Ágrip málsins barst Hæstarétti 15. október. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal um lokauppgjör á skuld ákærða við dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur.

Skiptaréttur Reykjavíkur veitti 2. apríl 1980 leyfi til einkaskipta á búi Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, sem látist hafði 23. mars 1980. Erfingjar voru tvær bróðurdætur Önnu, Gudrun Guðmundsson og Ingrid Guðmundsson, báðar búsettar í Þýskalandi. Hin síðarnefnda var ólögráða. Ákærði hafði verið hinni látnu til aðstoðar, einkum í veikindum hennar fyrir andlátíð. Fólu foreldrar erfingjanna honum að annast ýmis erindi, sem sinna þurfti fyrir búið, og að annast sölu íbúðar, sem var eina eign þess. Tók ákærði við greiðslum fyrir íbúðina, sem fram fóru 22. apríl 1980 til 1. apríl 1981. Þá tók hann við greiðslum á dráttarvöxtum og endurgreiðslu á fasteignagjöldum. Komu í hans hendur sem umboðsmanns búsinns alls 132.988,56 nýkrónur. Af þessu fé greiddi hann á árinu 1980 ýmsar skuldir búsinns og sendi á því ári og hinu næsta nokkrar greiðslur til erfingjanna. Er gerð grein fyrir greiðslunum í ákæru. Þó athugast, að á fyrra árinu voru erfingjunum greiddar 3.198.108 gkr., 95.000 krónum hærri fjárhæð en misritast hefur í ákæru. Alls greiddi ákærði fyrir búið 72.783,00 nýkrónur. Tók hann því við 60.205,56 nýkrónum umfram það, sem hann stóð skil á á þessum árum. Gerði hann ekki grein fyrir fjárreiðunum, þó að móðir erfingjanna gengi eftir því eftir lát föður þeirra. Hinn 24. júlí 1981 úrskurðaði skiptaréttur Reykjavíkur, að leyfi til einkaskipta skyldi úr gildi fellt og búið tekið til opinberra skipta. Var úrskurðurinn samdægurs sendur ákærða og þess krafist, að hann gerði þá þegar tæmandi skil á fjármunum, sem hann hefði veitt viðtöku vegna dánarbúsins. Ekki sinnti ákærði þeirri kröfu. Hann kom fyrir skiptarétt 18. september 1981. Sagðist hann varðveita á vöxtum fé það, sem hann hefði úr búinu, en ekki hafa á reiðum höndum uppgjör vegna umsýslu sinnar. Skiptaráðandi krafði ákærða þá um fé búsinns, þar á meðal vexti, svo og reikninga. Lofaði ákærði að ganga frá öllum sínum málefnum gagnvart búinu í síðasta lagi 1. október. Af því varð ekki.

Hinn 29. desember 1981 ritaði skiptaráðandinn í Reykjavík Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskaði rannsóknar á fjárreiðum ákærða á

vegum dánarbúsins. Kom ákærði 4 sinnum til skýrslugjafar til lög-reglu á fyrri hluta ársins 1982 og tvívegis snemma árs 1983. Hinn 19. apríl 1982 afhenti hann bankabók með innstæðu að fjárhæð 73.500,00 krónur.

Hinn 30. júní 1983 var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur mál, sem umboðsmaður dánarbúsins höfðaði gegn ákærða, og var hann krafinn um 33.698,81 krónu auk vaxta frá 20. apríl 1982. Sátt var gerð 8. september 1983, og lofaði ákærði að greiða það, sem hann var krafinn um. Endanlegt uppgjör fór fram 4. apríl 1984. Hefur ákærði því greitt það fé, sem hann er ákærður fyrir að hafa dregið sér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi dregið sér af eignum dánarbús Önnu Kristínar Guðmundsdóttur þá fjárhæð, sem greinir í ákæru, 60.205,56 krónur, enda játaði hann brot sitt við meðferð málsins. Haldlaus þykir sú viðbára, sem ákærði setti fyrst fram 10. mars 1983, að hann hafi haft leyfi föður erfingja Önnu, Hjalta heitins Guðmundssonar, til að nota féð. Hefur ákærði unnið til refsingar eftir 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingu, er rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar skilorðsbundið til 2 ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Adolf Garðar Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til rikissjóðs, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. október 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 4. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 426/1983: Ákærvaldið gegn Adolf Garðari Guðmundssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. september 1983, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Adolf Garðari Guðmundssyni, simvirkja, Prestbakka 21, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. júní 1935, fyrir fjárdrátt sem hér greinir:

Fyrir hönd erfingja dánarbús Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, Reykjavík, sem lést 23. mars 1980, veitti ákærði viðtöku eftirtöldum greiðslum samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 22. apríl 1980, um sölu 2ja herbergja íbúðar dánarbúsins í húsinu Asparfelli 4:

<i>Á árinu 1980:</i>			
22.04.	gkr.	2.000.000	
08.06.	—	1.000.000	
14.08.	—	1.800.000	
25.08.	—	1.000.000	
20.11.	—	3.700.000	
21.11.	—	300.000 auk vaxta	gkr. 30.000
01.12.		vextir	— 160.000
02.12.	—	1.000.000 endurgreidd fasteignagjöld	— 56.656
Samtals	gkr.	10.800.000, auk vaxta og endurgreiddra fasteignagjalda	gkr. 246.656
<i>Á árinu 1981:</i>			
21.01.	Nýkr.	11.000	
01.04.	—	11.000 auk vaxta	nýkr. 522
Samtals	nýkr.	22.000 auk vaxta	nýkr. 522

Af framangreindum fjármunum greiddi ákærði reikninga og önnur gjöld dánarbúsins sem hér greinir:

<i>Á árinu 1980:</i>			
22.04.	Sölulaun		gkr. 340.000
25.04.	Útfararkostnaður		— 244.269
s.d.	Byggingasamvinnufélag BSAB		— 38.857
s.d.	Húsfélagið Asparfelli 4		— 19.800
26.04.(79)	Hreingerning Asparfelli 4		— 30.000

10.05.	Kross og merking á leiði	—	18.400
14.05.	Símareikningur	—	3.203
s.d.	Símareikningur	—	5.616
19.05.	Póstburðargjald	—	1.370
15.08.	Veðdeild Landsbankans	—	54.237
04.09.	Fasteignagjöld	—	44.514
s.d.	Opinber gjöld	—	31.066

Samtalsgkr. 831.332

Til erfingja dánarbúsins, systranna Guðrúnar og Ingrid Guðmundsson, Hardensteinerweg 19, 5810 Witten, Ruhr, Vestur-Þýskalandi, gerði ákærði eftirgreind skil með kaupum og yfirfærslu í þýskum mörkum:

Á árinu 1980:

04.09.	Andvirði	gkr.	1.015.543
s.d.	“	—	1.015.543
05.12.	“	—	583.511
05.12.	“	—	583.511

Samtals gkr. 3.103.108

Á árinu 1981:

26.02.	Andvirði	nýkr.	16.244.30
s.d.	“	—	16.244.30

Samtals nýkr. 32.488.60

Ákærða er gefið að sök að hafa eigi haldið þeim fjármunum, sem ákærði veitti viðtöku fyrir hönd erfingja dánarbúsins, aðgreindum frá sínum fjármunum og að hafa dregið sér og fénytt í eigin þágu þá fjármuni er ákærði veitti viðtöku og voru umfram þær greiðslur og skil til erfingja, sem að framan greinir, samtals að verðgildi *gkr. 6.020.556*.

Brot ákærða teljast varða við 1., sbr. 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, svo og til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, en þá að frádregnum nýkr. 73.500, sem ákærði endurgreiddi undir rannsókn málsins þann 19. apríl 1982.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

Málavextir:

Með bréfi, dagsettu 29. desember 1981, kærði skiptaráðandinn í Reykjavík atferli ákærða, eins og í nefndu bréfi segir m.a.:

„Þess er óskað, að RLR framkvæmi rannsókn á fjárreiðum nefnds Adolfs Guðmundssonar á vegum dánarbúsins og í því sambandi sérstaklega, hvort staðhæfingar hans um vanefndir kaupanda íbúðarinnar að Asparfelli 4 séu réttar.“ En um var að ræða dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, Reykjavík, sem dó 23. mars 1980. Einkaskipti höfðu verið heimiluð í dánarbúinu 2. apríl 1980, en síðan fellt niður leyfið til þeirra með úrskurði skiptaráðanda 24. júlí 1980 (sic) og búið þá tekið til opinberra skipta. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Erfingjar búsins eru tveir og báðir búsettir erlendis. Annar erfingjanna er ófjárráða vegna æsku.

Faðir hins ólögráða erfingja kom fram fyrir hans hönd við uppskrift á búinu, sem lögráðamaður, en veitti síðar ásamt eiginkonu sinni, öðrum manni sem búsettur er hérlandis, umboð til að annast sölu á aðaleign búsins. Faðirinn mun nú vera látinn og fram er komið, að núverandi lögráðamaður erfingjans telur sig hafa ástæðu til að óttast, að misfarið sé með fé búsins.“

Ákærði var yfirheyrður í skiptaréttinum 18. september 1981. Þar kemur eftirfarandi fram orðrétt:

„Mætti skýrir svo frá, að hann hafi verið hinni látnu til aðstoðar varðandi fjármál, er hún var á lífi. Að henni látinni hafi Hjalti Guðmundsson, hálfbróðir hinnar látnu og faðir erfingja í búi þessu, fengið búið afhent til einkaskipta ásamt fjárráða dóttur sinni, erfingjanum Guðrúnu Guðmundsdóttur (sic). Þau hafi veitt mætta skriflegt umboð til þess að annast málefni varðandi skipti dánarbúsins, þ. á m. sölu fasteignar búsins að Asparfelli 4 í Reykjavík. Mætti kveður umræddan Hjalta hafa látist um síðustu áramót.

Aðspurður segir mætti að eina eign búsins hafi verið ofangreind íbúð. Innbúi hafi að mestu verið fargað, en hugsanlega hafi Hjalti og Guðrún selt eitthvað af því. Hafi þannig einu afskipti mætta af skiptum búsins varðað áðurgreinda íbúð.

Mætti kveður Hjalta Guðmundsson hafa verið staddan hér á landi, er íbúðin var seld þann 22. apríl 1980 og hafi hann undirritað kaupsamning um hana, en mætti undirritað hann eftir umboði frá Guðrúnu Guðmundsdóttur (sic).

Aðspurður kveðst mætti hafa tekið við greiðslum útborgunar söluverðs íbúðarinnar, samtals kr. 130.000,00, en greiðsla þess fjár dreifðist samkvæmt kaupsamningi yfir tímabilið frá gerð samningsins til 5. mars 1981, eftir nánari ákvörðun samkvæmt samningnum. Hann kveður nokkurn drátt

hafa orðið á ýmsum greiðslum en þó ekki svo um muni. Útborgunina kveður hann hafa verið að fullu greidda. Hins vegar hafi kaupandi íbúðarinnar selt hana aftur og dráttur þannig orðið á því að út væri gefið afsal fyrir eigninni og veðskuldabréf til greiðslu eftirstöðva kaupverðs.

Aðspurður um ráðstöfun móttækis fjár, segir mætti að hann hafi greitt ýmsa reikninga með vitund Hjalta Guðmundssonar fyrir búið, þ. á m. útfararkostnað. Þá kveðst mætti einnig hafa sent erfingjunum yfirfærslur á móttæknu fé. Hann segist ekki geta sagt með vissu hversu miklu af fénu hafi verið ráðstafað á þennan hátt, en aðspurður segist hann giska á, að um 80-90.000 krónur gætu verið að ræða. Varðandi mismuninn segist mætti varðveita féð á vöxtum.

Mætta er kynnt efni bréfs sendiráðs Íslands í Sambandslýðveldi Þýskalands frá 7. maí sl. Hann kveður fullyrðingar ekkju Hjalta Guðmundssonar, Waltraut Guðmundsson, sem greint er frá í bréfinu, vera rangar.

Aðspurður um ástæður þess, að hann hafi hvorki greitt erfingjunum arfshluta þeirra né greitt erfðafjárskatt og lokið búskiptum, segir mætti, að hann hafi staðið í þeirri trú, að haganlegast og réttast væri að gera lokauppgjör vegna skiptanna og greiða erfðafjárskatt samtímis því að gert yrði afsal fyrir áðurnefndri íbúð. Upphaflega hafi átt að gera afsal og gefa út eftirstöðva-skuldabréf þann 5. mars sl. en það hafi dregist vegna þess sem fyrr segir, að kaupandi íbúðarinnar hafi selt hana aftur og sé nú fluttur úr landi. Mætti segir að umtalað hafi verið, þegar kaupandi íbúðarinnar seldi hana aftur, að Magnús Hannesson, lögfræðingur, gengi frá málinu af hálfu kaupandans, en nætti kveður téðan Magnús nú vera í langdvölum erlendis, og hafi annar tekið að sér málið. Mætti segist ekki minnst þess, hver sá sé.

Mætti kveðst ekki hafa á reiðum höndum uppgjör vegna umsýslu sinnar fyrir erfingjana. Skiptaráðandi gerði mættum grein fyrir þýðingu þess að búið væri nú komið til opinberra skipta og væri umboð mætta til nokkurra ráðstafana þannig niður fallið. Benti hann mætta á að honum beri tafarlaust að greiða til skiptaráðanda fé það, sem hann hefur í vörslum sínum vegna búsinns ásamt vöxtum, svo og að leggja fram reikninga, sem koma eiga til frádráttar. Mætti kveðst munu vera fjarverandi næstu viku en lofar því að hann gangi endanlega frá öllum sínum málefnum gagnvart búinu í síðasta lagi 1. október n.k. þ. á m. að greiða allar innistæður þess til skiptaráðanda og afhenda áðurnefnd gögn og skriflegt uppgjör.“

Ákærði kom tvisvar til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu í mars 1982 og lofaði þá að skila greinargerð sem dróst.

Skiptaráðandi ítrekaði rannsóknarbeiðni sína í bréfi, dagsettu 14. apríl 1982.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglu 19. apríl 1982, og skilaði ákærði þá bankabók með innistæðu kr. 73.500,00 sem eign búsinns.

Í skýrslunni kemur fram:

„Mætti segir, að greinargerð sú, sem hann hafi lofað að afhenda RLR varðandi fésýslu sína fyrir dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur sé enn ekki tilbúin. Ástæðan fyrir því sé, að maður sem lofað hafi að aðstoða hann við greinargerðina hafi farið erlendis (sic), en sé nú kominn til landsins en hafi ekki enn haft tíma til að vinna greinargerðina.

Mætti afhendir hér bankabók nr. 66051 við Útvegsbanka Íslands, aðalbanka. Bankabókin er löggilt 19.04.1982 og skráð innistæða hennar, kr. 73.500.-. Mætti segir bókina skráða á sitt nafn í bankanum. Mætti segir að í bankanum hafi hann haft bankabók sem hann hafi lagt fé dánarbúsins inn á og tekið út úr, þegar hann hafi greitt reikninga á dánarbúið eða sent greiðslur til erfingjanna. Mætti kveðst nú fyrir nokkru hafa tekið út alla innistæðu þeirrar bókar, því hann hafi ætlað að afhenda Rannsóknarlög-reglu ríkisins fjárhæðina. Bókina sjálfa hafi hann eyðilagt og fleygt. Ekki muni hann nú númer þeirrar bókar, en hún hafi verið á nafni hans við Útvegsbanka Íslands.

Aðspurður segir mætti að hann muni ekki hver fjárhæð hafi verið inni á bankabókinni, en það hafi verið eitthvað lægri fjárhæð, en sé innistæða bankabókar þeirrar, er hann nú hafi afhent. Mismuninn hafi hann haft í sinni vörslu, en ekki í banka. Ástæðu þess, að hann hafi haft fé dánarbúsins þannig í sinni vörslu, en ekki í banka, kveðst mætti ekki vilja tjá sig um.

Mætti segir innistæðu bankabókarinnar nr. 66051 vera peninga, sem komið hafi í hans vörslu eftir sölu íbúðar dánarbúsins, en hann kveðst vilja geta þess, að hann hafi ekki tekið af inneign dánarbúsins fyrir öllum þeim kostnaði, er hann hafi haft vegna Önnu Kristínar meðan hún hafi verið sjúklingur og eftir andlát hennar. Hjalti Guðmundsson, bróðir Önnu, hafi þó lofað að hann fengi allt slíkt borgað.

Aðspurður um drátt, sem mætti hafi sagt hafa orðið á greiðslum á söluverði íbúðar dánarbúsins, kveðst mætti ekki muna svo hann geti greint frá, en dráttur á greiðslum hafi aldrei orðið svo mikill að greiddir væru dráttarvextir vegna þess.“

Bankabókin var afhent skiptaráðanda 23. apríl 1982.

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 15. júní 1982. Þá lagði hann fram tvo reikninga, sem hann sagði vera síðustu greiðslur sínar til erfingja. Áður hefði hann sent eina eða tvær greiðslur og haldið eftir ljósritum af reikningum, sem ákærði kvaðst ekki finna ennþá. Í skýrslu hans kemur einnig fram:

„Mætti segir, að reikninga á dánarbúið vegna útfararkostnaðar o.fl. hafi hann greitt og sent Hjalta Guðmundssyni, en haldið eftir ljósritum, sem hann finni ekki nú. Ekki kveðst hann muna fjárhæðir þeirra reikninga,

en reikningar þessir hafi verið greiddir með fyrstu afborgunum af íbúðinni í Asparfelli 4.

Mætta er kynnt að Waltraut Guðmundsson segi mætta hafa greitt reikninga á dánarbúið og millifært til erfingja alls gkr. 7.240.000.-. Mætti segir þetta vel geta verið rétt. Sennilega vanti þó þarna inn í kostnað, sem fram komi á þeim reikningum, er hann hafi hér lagt fram, því þá reikninga hafi erfingjar ekki fengið, heldur aðeins erlendu greiðsluna. Mætti kveðst vilja taka fram, að vegna reglna um sendingu andvirðis eigna til útlanda, hafi hann ekki getað sent erfingjum greiðslur jafnóðum og þær hafi verið greiddar honum. Fé dánarbúsins hafi því verið í hans vörslu um tíma milli þess að hann gæti sent greiðslur út. Yfirleitt hafi hann varðveitt féð á bankareikningi á sínu nafni í Útvegsbanka Íslands. Inni á þeim reikningi hafi einvörðungu verið fé dánarbúsins.“

Skiptaráðandi ítrekaði enn rannsóknarkröfu sína í bréfi 8. október 1982.

Rannsóknarlögreglan óskaði þá eftir því við Dómsmálaráðuneytið, að það hlutaðist til um öflun gagna.

Eftir að þau gögn bárust, var ákærði yfirheyrður á ný 2. febrúar 1983. Einnig 10. mars 1983. Fóru þá málin að skýrast.

Ákærði heldur því ætíð eindregið fram, að hann hafi ekki ætlað sér að draga sér fé búsins, heldur hafi hann haft heimild föður erfingjanna tveggja, sem var lögráðamaður annars þeirra, til að nota féð um tíma, meðan hann aflaði leyfis til yfirfærslu á því. Það kemur einnig fram í skýrslum ákærða, að hann og fjölskylda hans hafi annast um hina látnu og varið til þess fé og tíma, sem hann hafi ekki farið fram á að fá greitt, en fengið loford fyrir.

Útilokað var að fá staðfesta fullyrðingu ákærða um leyfi, er faðir erfingjanna og lögráðamaður annars þeirra hafi veitt honum til að nota fé búsins, þar sem viðkomandi var látinn.

Niðurstaða.

Telja verður sannað, að ákærði hafi með atferli sínu, sem hann hefur ekki mótmælt, að rétt sé lýst í ákæru, hafi hann brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga (sic).

Þegar kemur að því að ákvarða ákærða refsingu, þá þykir rétt að líta til eftirfarandi atriða:

1. Ákærði hefur staðið skil á fullnægjandi greiðslum til dánarbúsins að því er séð verður, og gerði hann það, meðan á rannsókn stóð.

2. Ákærði annaðist hina látnu án endurgjalds.

3. Ákærði kann að hafa haft heimild látins manns, sem var lögráðamaður annars erfingjanna, til að nota að einhverju leyti fé búsins.

Með þessi atriði í huga er ákveðið að fresta ákvörðun um refsingu ákærða í 3 ár frá dómsuppkvaðningu og hún falli að þeim tíma niður, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Adolfs Garðars Guðmundssonar, skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1985.

Nr. 217/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ellert Guðmundssyni og

Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur

(Arnmundur Backman hrl.)

Dýravernd. Alifuglar. Brot gegn lögum um dýravernd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessi var áfrýjað að ósk ákærðu með stefnu 14. ágúst 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Ákæra í máli þessu er ekki svo skýr sem skyldi, og ekki verður af henni séð, að hinum ákærðu sé gefið að sök að hafa tástýft